

1995 nr. 4 30. janúar

Lög um tekjustofna sveitarfélaga¹⁾

¹⁾ 12. gr. laganna var breytt með l. 37/2018, 19. gr.; breytingarnar taka gildi 1. okt. 2018 skv. 18. gr. s.l.

Upphaflega l. 91/1989. Tóku gildi 1. janúar 1990. Breytt með l. 124/1989 (tóku gildi 1. jan. 1990) og l. 7/1990 (tóku gildi 28. febr. 1990). **Endurútgefín, sbr. 18. gr. l. 7/1990, sem l. 90/1990. Tóku gildi 8. október 1990.** Breytt með l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), l. 124/1993 (tóku gildi 30. des. 1993) og l. 152/1994 (tóku gildi 1. jan. 1995). **Endurútgefín, sbr. 11. gr. l. 124/1993, sem l. 4/1995. Tóku gildi 13. febrúar 1995.** Breytt með l. 148/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996), l. 79/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997 nema 5. og 7. gr. sem tóku gildi 19. júní 1996 og 6. gr. sem tók gildi 1. jan. 1998; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 8. gr.), l. 122/1996 (tóku gildi 16. des. 1996), l. 144/2000 (tóku gildi 30. nóv. 2000), l. 60/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), l. 167/2002 (tóku gildi 30. des. 2002; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 3. gr.), l. 67/2004 (tóku gildi 18. júní 2004), l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), l. 136/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 140/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 83/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema 22. gr. sem tók gildi 20. júní 2008), l. 173/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.), l. 6/2009 (tóku gildi 5. mars 2009), l. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), l. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 165/2010 (tóku gildi og komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 69. gr.), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 180/2011 (tóku gildi 30. des. 2011), l. 1.56/2012 (tóku gildi 27. júní 2012), l. 80/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013), l. 139/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013), l. 6/2013 (tóku gildi 1. jan. 2013, birt í Stjóri. 13. febr. 2013), l. 139/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 9., 13.–14., 16.–17., 22. og 27.–29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.), l. 56/2014 (tóku gildi 4. júní 2014), l. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.), l. 135/2014 (tóku gildi 31. des. 1.), l. 72/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015), l. 88/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016), l. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015), l. 1.25/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), l. 75/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017), l. 78/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016), l. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c–liður 8., 9., 18., r–liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s–liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.), l. 43/2017 (tóku gildi 17. júní 2017), l. 9/2018 (tóku gildi 24. febr. 2018) og l. 37/2018 (taka gildi 1. okt. 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kaffli. Almenn ákvæði.

■ 1. gr.

□ Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
- c. Útsvör.

□ Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því er lög þessi ákvæða.

■ 2. gr.

□ Auk tekna skv. 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

□ Sveitarstjórn getur ákvæðið að gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagð á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr., [og skal [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ gera nauðsynlegar breytingar á [fasteignaskrá]²⁾ í þessu skyni].³⁾

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr. ²⁾ L. 83/2008, 24. gr. ³⁾ L. 140/2005, 1. gr.

II. kaffli. Um fasteignaskatt.

■ 3. gr.

□ [Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt [fasteignaskrá],¹⁾ sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 5. gr.

□ Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

□ Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið. Skatthlutfall skal vera sem hér segir:

- a. Allt að 0,5% af fasteignamatí;

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, úthús og mannvirkir á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, [hesthús],²⁾ öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

- b. 1,32% af fasteignamatí ásamt lóðarréttindum:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðispjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

- c. Allt að 1,32% af fasteignamatí, ásamt lóðarréttindum:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnaði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirkir sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

□ Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundræshluta þá sem tilgreindir eru í a- og c-liðum 3. mgr. þessarar greinar, öðrum eða báðum stafliðum.

□ Í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli og sumarhús álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.³⁾

¹⁾ L. 83/2008, 24. gr. ²⁾ L. 56/2012, 1. gr., sbr. einnig brbákv. í s.l. ³⁾ L. 140/2005, 2. gr.

■ 4. gr.

□ [Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og skal hún fara fram í [fasteignaskrá].¹⁾ Innheimtu skattsns getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtaðila. Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd álagninga.

□ Eigandi greiðir skattinn nema um leigujarðir, leigulödir eða önnur sammingsbundin jarðarárafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

□ Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar [Þjóðskrár Íslands].²⁾ Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

□ Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts fyrir upphaf árs en heimilt er sveitarstjórn að ákvæða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirkir í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í [fasteignaskrá]¹⁾ í samræmi við upplýsingar sem [Þjóðskrár Íslands]²⁾ lætur sveitarstjórnunum í té. Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamótum eftir að mannvirkir er afskráð í [fasteignaskrá].¹⁾

□ Eindagi fasteignaskatts er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða.]³⁾

¹⁾ L. 83/2008, 24. gr. ²⁾ L. 77/2010, 5. gr. ³⁾ L. 140/2005, 3. gr.

■ 5. gr.

□ [Undanþegnar fasteignaskatti eru eftirtaldar fasteignir ásamt lóðarréttindum:

- a. kirkjur og bænahús íslensku þjóðkirkjunar og annarra trúfélaga [og samkomuhús skráðra lífsskoðunarfélaga]¹⁾ sem hlotið hafa skráningu [þess ráðuneytis er fer með málfrni þjóðkirkjunar];²⁾

b. safnahús, að því leyti sem þau eru ekki rekin í ágóða-skyni;

c. hús erlendra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og hús alþjóðastofnana, eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum

sem Ísland er aðili að og öðlast hafa stjórnskipulegt gildi hér á landi.

□ Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

□ Nú eru hús þau sem um ræðir í 1. og 2. mgr. jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitingaeða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og ber sveitarstjórn þá að leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

□ Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitumelli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.

□ Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.³⁾

¹⁾ L. 6/2013, 14. gr. ²⁾ L. 126/2011, 206. gr. ³⁾ L. 140/2005, 4. gr.

■ 6. gr.

□ [Ef afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, er á þann veg háttáð að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokk, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokkja.]¹⁾

¹⁾ L. 140/2005, 5. gr.

■ 7. gr.

□ Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. kaffi. Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

■ [8. gr.

□ Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2012, 1. gr.

■ [8. gr. a.]¹⁾

□ [Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði er nemi [2,111%]²⁾ af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs [og tryggingagjöldum].³⁾ [Par af skal fjárhæð er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum [og tryggingagjöldum]³⁾ renna til málefna fatlaðs fólks.]⁴⁾ Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega.

b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi 0,264% af álagningarástofni útsvars næstliðins tekuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

c. [Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarástofni útsvars ár hvert:

1. er nemi 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
2. er nemi [0,99%]⁴⁾ til jöfnunar vegna [málefna fatlaðs fólks].⁵⁾

Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframta gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars, sundurliðað skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. þessa stafliðar.]⁶⁾

d. Vaxtatekjur.]⁷⁾

¹⁾ L. 139/2012, 2. gr. ²⁾ L. 75/2016, 32. gr. ³⁾ L. 126/2016, 59. gr. ⁴⁾ L. 125/2015, 9. gr. ⁵⁾ L. 115/2015, 5. gr. ⁶⁾ L. 165/2010, 27. gr. ⁷⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 9. gr.

□ [Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

- a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 10. gr.
- b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 11. gr.
- c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 12. gr.
- d. Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna reksturs grunnskóla skv. 13. gr.

[e. Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna þjónustu við [fatladoð fólk],¹⁾ sbr. 13. gr. a.]²⁾]³⁾

¹⁾ L. 115/2015, 5. gr. ²⁾ L. 165/2010, 28. gr. ³⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 10. gr.

□ [Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, [1,7%]¹⁾ af tekjum sjóðsins skv. [a- og b-lið og 1. tölul. 1. mgr. c-liðar [8. gr. a],²⁾]³⁾ að frádregnunum framlögum skv. d-lið 11. gr.

b. Til landshlutasantaka sveitarfélaga, [1,76%]⁴⁾ af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið [8. gr. a],²⁾ að frádregnunum framlögum skv. [d-lið]¹⁾ 11. gr., sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.

c. ...⁵⁾

d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

e. Til umsjónarnefndar eftirlauna skv. 22. gr. laga um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, sbr. 16. gr. og II. kafla sömu laga.

f. [Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafridunarsjóð skv. 43. gr. laga um menningarmínjar.]⁶⁾]⁷⁾

¹⁾ L. 75/2016, 32. gr. ²⁾ L. 139/2012, 3. gr. ³⁾ L. 165/2010, 29. gr. ⁴⁾ L. 125/2015, 10. gr. ⁵⁾ L. 136/2004, 11. gr. ⁶⁾ L. 80/2012, 59. gr. ⁷⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 11. gr.

□ [Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, svo sem með þátttöku í kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, framlögum til að mæta tekjutapi vegna lakkunar á jöfnunarframlögum skv. 12. gr. og með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlögum fyrir allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Aðstoð má veita í allt að fimm ár frá og með sameiningarári, á grundvelli reglna¹⁾ sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga.

b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið [8. gr. a],²⁾ að frádregnunum framlögum skv. d- og e-lið pessarar greinar, og skal framlögum varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirkji, félagsheimili, vatnsveitur og leikskóla. Einnig er heimilt að greiða árlega allt að 25 millj. kr. vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögþýða þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2.

mgr. 1. gr. laga um vatnsveitir sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

d. Til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagning- arstofni mannvirkja, allt að [30,1%]³⁾ af tekjum sjóðsins skv. a-lið [8. gr. a].²⁾

e. . . .³⁾

f. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræð- ingar í rekstri og þjónustu þeirra.]⁴⁾

¹⁾ Rgl. 295/2003, sbr. rgl. 644/2005, rgl. 324/2010, rgl. 1119/2011 og rgl. 691/2012. ²⁾ L. 139/2012, 3. gr. ³⁾ L. 75/2016, 32. gr. ⁴⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 12. gr.

□ [Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekj- ur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitar- félög og fullnýtingu tekjustofna þeirra, þar á meðal framlaga skv. d-lið 11. gr.

b. Útgjaldajöfnunarframlögum skal varið til að mæta mis- munandi útgjaldabörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhag- kvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þáttu sem áhrif hafa á útgjaldabörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

□ Til framlaga samkvæmt þessari grein skal verja þeim tek- um sjóðsins skv. a- og b-lið [8. gr. a]¹⁾ sem eru umfram ráð- stöfun skv. 10. og 11. gr.]²⁾

¹⁾ L. 139/2012, 3. gr. ²⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 13. gr.

□ [[Tekjum Jöfnunarsjóðs vegna reksturs grunnskóla skv. 1. tölul. 1. mgr. c-liðar [8. gr. a],¹⁾]²⁾ að frádregnum framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 10. gr., skal varið til þess að jafna launkostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, þ.m.t. kostnað vegna sérþarfa fatla- aðra nemenda og innflyttjenda, og til greiðslu kostnaðar vegna þjónustusamninga, sbr. 2. mgr. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga af yfirfærslu grunnskólans.

□ Jöfnunarsjóður getur gert samninga við sveitarfélög og stofnanir um kennsluráðgjöf og aðra sérfræðiþjónustu og önnur reglubundin verkefni sem nýttar grunnskólum á lands- vísu. Þá skulu eldri samningar um rekstur sérskóla og sér- deilda halda gildi sínu.

□ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í bakábyrgð fyrir greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra lífeyrisskuldbindinga sem stofnast vegna kennara og skóla- stjórnenda við grunnskóla. Til ábyrgðargreiðslu af hálfu sjóðsins skal þó ekki koma fyrir en vanskil sveitarfélags hafa varað í a.m.k. sex mánuði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal halda eftir af sjóðsframlögum til einstakra sveitarfélaga þeim greiðslum ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði sem sjóðurinn hefur greitt Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfs- manna grunnskóla eða innheimta slíkar kröfur með öðrum haetti.]³⁾

¹⁾ L. 139/2012, 3. gr. ²⁾ L. 165/2010, 30. gr. ³⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 13. gr. a.

□ Stofnuð skal sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitar- félaga vegna [málefna fatlaðs fólks].¹⁾ Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna [málefna fatlaðs fólks]¹⁾ skv. 2. tölul. 1.

mgr. c-liðar [8. gr. a]²⁾ skulu renna í sérdeildina auk framlaga af fjárlögum vegna þjónustu við [fatlað fólk].¹⁾

□ Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna [málefna fatla- aðs fólks]¹⁾ skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar [8. gr. a]²⁾ að frádregn- um kostnaði tengdum flutningi [málauflokkins og framlagi í fasteignasjóð, sbr. 13. gr. b],³⁾ að viðbættum beinum framlögum af fjárlögum, skal varið til jöfnunar vegna þjónustu við [fatlað fólk]¹⁾ með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða. Framlögum skulu reiknuð á grundvelli fjölda einstaklinga og þjónustubarfa þeirra í hverju sveitarfélagi og á hverju þjónustusvæði og skal kveðið nánar á um útreikning þeirra í reglugerð,⁴⁾ sbr. 18. gr. Í reglugerðinni skal leitast við að tryggja að tekjuaukning einstakra sveit- arfélaga og þjónustusvæða endurspeglí kostnaðarmun vegna ófisks fjölda fatlaðra fbúa. Í reglugerðinni skal jafnframt kveðið á um ráðstöfun framlaga vegna notendastýrðrar persónu- legrar aðstoðar [og ákvörðun á framlagi sérdeildarinnar til fasteignasjóðs, sbr. 13. gr. b].³⁾

□ . . .³⁾

¹⁾ L. 115/2015, 5. gr. ²⁾ L. 139/2012, 3. gr. ³⁾ L. 9/2018, 1. gr. ⁴⁾ Rg. 320/2018. ⁵⁾ L. 165/2010, 31. gr.

■ 13. gr. b.

□ Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértaekar stuðningsþarfir. Þá fer fasteignasjóðurinn með réttindi og skyldur er tengjast fast- eignum í eigu ríkisins sem nýttar voru í þjónustu við fatlað fólk við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveit- arfélaga og er fasteignasjóði heimilt að leigja eða selja þær fasteignir.

□ Tekjur fasteignasjóðs eru:

a. Tekjur af sölu og leigu fasteigna.

b. Tekjur af skuldabréfum í eigu sjóðsins vegna sölu á fasteignum.

c. Vaxtatekjur.

d. Framlag af tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatla- aðs fólks, sbr. 13. gr. a.

□ Í samræmi við markmið fasteignasjóðs er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að úthluta úr fasteignasjóði framlögum til sveitarfélaga til uppbyggingar eða breytinga á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk.

□ Ráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari reglur um starfsemi fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs í samræmi við hlutverk sjóðsins að fenginni umsögn þess ráðherra er fer með málefni fatlaðs fólks, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, svo sem um skilyrði og fyrirkomulag úthlutunar framlaga skv. 3. mgr., hvernig leigufjárhædir skulu ákveðnar og um rekstrarform, stjórnun, leigu og sölu fasteigna].²⁾

¹⁾ Rg. 460/2018. ²⁾ L. 9/2018, 2. gr.

■ 14. gr.

□ [Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutanar framlaga úr sjóðnum samkvæmt þessum kafla].¹⁾

¹⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 15. gr.

□ [Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar [ráð- herra]¹⁾ [sjö manna]²⁾ ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. [11.–13. gr. a].²⁾ [Sex nefndarmenn]²⁾ skulu skipaðir samkvæmt tilnefn-

ingu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 206. gr. ²⁾ L. 135/2014, 1. gr. ³⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 16. gr.

□ [[Ráðherra]¹⁾ hefur á hendi yfirstjórni Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörlu [ráðuneytisins]¹⁾ sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.]²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 213. gr. ²⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 17. gr.

□ [Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.]¹⁾

¹⁾ L. 167/2002, 1. gr.

■ 18. gr.

□ [[Ráðherra]¹⁾ setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð²⁾ með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins. Jafnframt setur ráðherra reglugerðir³⁾ um úthlutun framlaga samkvæmt einstökum ákvæðum þessa kafla, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.]⁴⁾ [Í reglugerð er heimilt að kveða á um að þau sveitarfélög sem hafa heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatt sem teljast verulega umfram landsmeðaltal skulu ekki njóta framlaga úr Jöfnunarsjóði skv. d-lið 11. gr. og 1. mgr. 13. gr.]⁵⁾

¹⁾ L. 162/2010, 213. gr. ²⁾ Rg. 960/2010, sbr. 1171/2011, 704/2012, 1226/2012 og 267/2013. Rg. 578/2012, sbr. 241/2014 og 474/2015. ³⁾ Rg. 105/1996. Rg. 80/2001, sbr. 118/2002, 94/2003, 1019/2004, 363/2006, 162/2010 og 961/2010. Rg. 351/2002, sbr. 962/2010, 1115/2012 og 188/2017. Rg. 303/2003, sbr. 637/2004. Rg. 150/2013. Rg. 180/2016. Rg. 570/2017. Rg. 320/2018. ⁴⁾ L. 167/2002, 1. gr. ⁵⁾ L. 139/2012, 4. gr.

IV. kafli. Um útsvör.

■ 19. gr.

□ Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

¹⁾ L. 129/2004, 104. gr.

■ 20. gr.

□ Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

□ Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr., [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili ...²⁾ á tekjuárinu, [Hafi einstaklingur átt lögheimili í fleiri en einu sveitarfélagi á tekjuárinu skal leggja á hann útsvar sem skiptist hlutfallslega eftir búsetutíma og skal útsvarshlutfall fyrir hvert búsetutímabil fara eftir því sem viðkomandi sveitarstjórn ákveður skv. 1. mgr. 24. gr. og ef við á 6. mgr. 24. gr.]²⁾

□ Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

¹⁾ L. 129/2004, 105. gr. ²⁾ L. 165/2010, 32. gr.

■ 21. gr.

□ Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattstofn, sbr. [1. og 3. tölul. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

□ Ákvæði [61.–64. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

□ Lækki [ríkisskattstjóri]²⁾ tekjuskattstofn skv. [65. gr. laga

nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

¹⁾ L. 129/2004, 106. gr. ²⁾ L. 136/2009, 79. gr.

■ 22. gr.

□ [Ríkisskattstjóri]¹⁾ annast álagningu útsvars.

□ Ákvæði VIII.–XIV. kafla [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],²⁾ gilda um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

¹⁾ L. 136/2009, 79. gr. ²⁾ L. 129/2004, 107. gr.

■ 23. gr.

□ Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en [14,52%]¹⁾ og eigi lægra en [12,44%]²⁾ af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

□ Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í [2. og 3. mgr. 64. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],³⁾ skal vera 2% af tekjum umfram það lágmark sem tilgreint er í 2. mgr. 67. gr. sömu laga.

¹⁾ L. 125/2015, 12. gr. ²⁾ L. 165/2010, 33. gr. ³⁾ L. 129/2004, 108. gr.

■ 24. gr.

□ Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 23. gr. þessara laga, svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

□ Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna [því ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins]¹⁾ eigi síðar en 15. desember á sama ári.

□ Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningaráhlutfallið skv. 1. mgr.

□ Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningaráhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

□ Nú kemur í ljós að tekjur sveitarstjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

□ Ef sveitarfélag kemst í fjárpróng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

□ Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda [ríkisskattstjóra]²⁾ eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

¹⁾ L. 126/2011, 206. gr. ²⁾ L. 136/2009, 80. gr.

■ 25. gr.

□ Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækjun eða niðurfellingu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem segir í [1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ telji hún ástæðu til að veita frekari lækjun en [ríkisskattstjóri]²⁾ veitti við afgreiðslu á umsókn um lækjun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta [skv. III. kafla laga um almannatryggingar og lögum um slysatryggingar almannatrygginga].³⁾

□ [Ríkisskattstjóri]²⁾ skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækjun útsvars til [ríkisskattstjóra],²⁾ innheimtaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

□ Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannad, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningara-laga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönn-

um frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

¹⁾ L. 129/2004, 109. gr. ²⁾ L. 136/2009, 79. gr. ³⁾ L. 88/2015, 25. gr.

■ 26. gr.

□ [Ríkisskattstjóri semur skrá um álagt útsvar í hverju sveitarfélagi að lokinni álagningu.]¹⁾ Ríkisskattstjóri gerir síðan innheimtuskrá og sendir hana til sveitarstjórnar og innheimtaðila, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

¹⁾ L. 136/2009, 81. gr.

■ 27. gr.

□ Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtaðila að annast innheimtu útsvara. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóða hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila.

□ Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

□ Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skulu greiða það sem vangoldið er á sömu gjald-dögum og eftirstöðvar tekjuskatts, sbr. [4. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

□ Ákvæði [1.–3. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ um fyrirframgreiðslu tekjuskatts, skulu gilda um þann hluta útsvars sem stafar af öðrum tekjum en launatekjum.

□ Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

□ Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausum mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistareyfi hér á landi um tiltekkinn tíma, er skylt að gera skil á útsvari sínu á sama tíma og kveðið er á um skil á tekjuskatti, sbr. [7. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

□ Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögunum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkad eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

¹⁾ L. 129/2004, 110. gr.

■ 28. gr.

□ Útsvör skulu greidd á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðsla eða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn.

□ [Ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins]¹⁾ sér um endurgreiðslu fyrir hönd sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 27. gr. Ákvæði [2. mgr. 122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],²⁾ um verðbætur, skulu eiga við um endurgreiðslur og viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir.

□ Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt, sbr. og 2. mgr. 37. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

□ Allir þeir, sem greiða laun, sbr. 1. mgr. 92. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],²⁾ eru skyldir, að kröfum innheimtumanns, að halda eftir af kaupi launamanns til líkningar útsvari þeirra

aðila sem launagreiðendur bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum þessara laga. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á útsvari og gjöldum samkvæmt lögum um tekjuskatt . . .²⁾ Í reglugerð³⁾ skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

□ Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

□ Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

□ Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi því fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 32. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til innheimtaðila.

□ Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

¹⁾ L. 126/2011, 206. gr. ²⁾ L. 129/2004, 111. gr. ³⁾ Rg. 124/2001.

■ 29. gr.

□ Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafid hlutaðeigandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

□ Sveitarstjórn getur ekki krafid gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

■ 30. gr.

□ Um ábyrgð á greiðslu útsvars gilda ákvæði [116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

¹⁾ L. 129/2004, 112. gr.

■ 31. gr.

□ Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til [ríkisskattstjóra]¹⁾ og áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar.

¹⁾ L. 136/2009, 79. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 32. gr.

□ Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarstjórn dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3. og 5. mgr. 27. gr. en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 27. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987.

□ Nú verður ljóst þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörlu sveitarstjórnar. [Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma].¹⁾

¹⁾ L. 148/1995, 6. gr.

■ 33. gr.

□ Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taká lögtaki.

■ 34. gr.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívílnanir á útsvörum þeirra er-lendra og íslenskra aðila sem eftir gildandi útsvarsögum ríkj-

anna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

□ Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og einstaklingur, sem útsvarsskyldur er hér á landi skv. 19. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn hlutaðeigandi einstaklings ...,¹⁾ að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsreiðslum hans.

¹⁾ L. 136/2009, 82. gr.

■ 35. gr.

□ Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.¹⁾

¹⁾ Rg. 542/1989, sbr. 395/1990. Rg. 1160/2005 (um fasteignaskatt).

Ákvæði til bráðabirgða.

■ I.

□ Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1,25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlásstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni. Álagningarstofn skal vera fasteignamatsverð í árslok áður en álagning fer fram. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð. Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til skatts samkvæmt þessu ákvæði skal miða við raunverulega notkun fasteignar í árslok áður en álagning fer fram. Sé sama eiginin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega. Skattur samkvæmt ákvæði þessu rennur óskiptur til sveitarfélags. Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skatt eins en getur falið sérstökum innheimtaðila innheimtuna.

□ Eigendur fasteigna skulu senda því sveitarfélagi, sem eign er í, skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig eru notaðar til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Sveitarstjórn auglýsir frest eigenda til að skila upplýsingum þeim er að framan greinir. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að nota aðrar upplýsingar til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr. Skattyfívöld skulu veita sveitarstjórnum þær upplýsingar sem þörf er á í sambandi við framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal skal heimila sveitarstjórn aðgang að skrám yfir aðila sem skattlagðir voru á grundvelli V. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

□ [Sérstakur fasteignaskattur skv. 1. mgr. leggst á álagningarstofn í stiglakkandi þrepum sem hér segir:

Árið 1996 0,937%.

Árið 1997 0,625%.

Árið 1998 0,313%.

Árið 1999 fellur skatturinn niður.

□ Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna skal há-

mark fasteignaskatts samkvæmt þessum lið vera sem hér segir miðað við álagningarstofn og hækka þannig í þrepum:

Árið 1996 1,17%.

Árið 1997 1,22%.

Árið 1998 1,27%.

Árið 1999 1,32%.²⁾

□ Ákvæði II. kafla laga þessara sem taka til fasteignaskatts skulu jafnframt gilda um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnaði samkvæmt þessu ákvæði eftir því sem við getur átt.

□ Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvædis þessa.

□ [Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til álagningu árið 1999 á grundvelli ákvæðisins er lokið].³⁾

¹⁾ L. 129/2004, 113. gr. ²⁾ L. 148/1995, 7. gr. ³⁾ L. 148/1995, 8. gr.

■ [III. ...]¹⁾

¹⁾ L. 79/1996, 7. gr.

■ [III. ...]¹⁾

¹⁾ L. 79/1996, 7. gr. sbr. l. 122/1996, 5. gr.

■ [IV.]

□ [[Til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, skal 200 millj. kr. varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar árið 2005 og 135 millj. kr. árið 2006].¹⁾

□ Ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. skal varið til að greiða allt að 20% af viðmiðunarkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og yfir, í samræmi við viðmið og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Heimilt er að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda sé um að ræða framkvæmdir í sem falla undir ákvæði 1. mgr. og uppfylla að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Í reglugerð er þó heimilt að ákveða árlegt hámarksframlag sem rennur til sveitarfélags vegna samnings um einkaframkvæmd.

□ Heimilt er að fára til fjármuni skv. 1. mgr. sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári á milli ára innan tímabilins.]²⁾³⁾

¹⁾ L. 136/2004, 11. gr. ²⁾ L. 60/2002, 1. gr. ³⁾ L. 79/1996, 7. gr.

■ [V.]

□ Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. skal hámark útsvars skv. 1. mgr. 23. gr. tekjuárið 2001 vera 12,70%.¹⁾

¹⁾ L. 144/2000, 7. gr.

■ [VI.]

□ Þrátt fyrir lokamálslið 3. mgr. 13. gr. skal stjórn Bændasamtaka Íslands skila tillögum um framlög vegna framkvæmda á árunum 1999 og 2000 eigi síðar en 15. mars 2001].¹⁾

¹⁾ L. 144/2000, 7. gr.

■ [VII.]

□ Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2005. Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat rádgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög til framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs].¹⁾

¹⁾ L. 167/2002, 2. gr.

■ [VIII.]

- Prátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. þessara laga skal álagningaráhlutfall samkvæmt þeim lið vera 0,44% af fasteignamati árið 2006 og 0,88% árið 2007.]¹⁾

¹⁾ L. 140/2005, 7. gr.

■ [IX.]

- Prátt fyrir ákvæði í 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákvæða fyrir 30. desember 2008 hvaða hundraðshluti verði lagðar á tekjur manna á árinu [2014],¹⁾ sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvörðun sveitarstjórnar skal sömuleiðis tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en [23. desember 2013].]¹⁾

¹⁾ L. 173/2008, 4. gr.

■ [X.]

- Prátt fyrir ákvæði 7. gr. fylgir fasteignaskatti vegna áranna 2008–2010 lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á og skal hann, ásamt dráttarvöxtum í fjögur ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.]¹⁾

¹⁾ L. 6/2009, 1. gr.

■ [XI.]

- Í fjárlögum skal tryggja sérstök framlög vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga með eftirfarandi haetti:

- a. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins.
- b. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna notendastýðrar persónulegrar aðstoðar.
- c. Framlög á árunum 2012 og 2013 vegna biðlista eftir þjónustu.
- d. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna breytingarkostnaðar, tilfærslu, aðlögunar og útfærslu þjónustunnar.]¹⁾

¹⁾ L. 165/2010, 34. gr.

■ [XII.]

- Fram til ársins [2015]¹⁾ eru sveitarfélög bundin af því að 0,25 prósentustig af þeirri hækkan útsvars sem þeim er tryggð vegna yfirlægðar á málefnum fatlaðra renni beint til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæða.]²⁾

¹⁾ L. 139/2013, 24. gr. ²⁾ L. 165/2010, 34. gr.

■ [XIII.]

- Á árinu 2011 skulu greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða taká mið af heimildarákvæði 6. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða hvað varðar sérstakt aðlögunartímabil þar sem beinar greiðslur til sveitarfélaga og þjónustusvæða byggjast að hluta til eða öllu leyti á framreknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010.]¹⁾

¹⁾ L. 165/2010, 34. gr.

■ [XIV.]

- Prátt fyrir ákvæði í 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákvæða fyrir [23. desember 2013]¹⁾ hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á árinu [2014],¹⁾ sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvörðun sveitarstjórnar skal sömuleiðis tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en [23. desember 2013].]¹⁾

¹⁾ L. 139/2013, 25. gr. ²⁾ L. 165/2010, 34. gr.

■ [XV.]

- [Á árunum 2016, 2017 og 2018 greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kostnað sveitarfélaga vegna verkefna á grundvelli 5. gr. samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Kostnaður vegna verkefna samkvæmt þessari grein skal innheimtur af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við þbúafjölda 1. janúar 2015.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 78/2016, 4. gr. ²⁾ L. 180/2011, 5. gr.

■ [XVI.]

- Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. má útsvar af tekjum manna á [árunum 2014 og 2015]¹⁾ nema allt að 14,52% af útsvarsstofni.

- Prátt fyrir ákvæði 2. tölul. c-liðar 1. mgr. 8. gr. a skal hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningastofni útsvars á [árunum 2014 og 2015]¹⁾ nema 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.]²⁾

¹⁾ L. 125/2014, 7. gr. ²⁾ L. 139/2013, 26. gr.

■ [XVII.]

- Fasteignir í c-lið 3. mgr. 3. gr. sem sæta breyttri aðferðarfræði fasteignamats yfir í tekjumat í endurmati fasteignamats á árinu 2014 skulu vera undanþegnar 2. mgr. 3. gr. við álagningu fasteignaskatts á árunum 2015 og 2016. Stofn til álagningar fasteignaskatts þeirra eigna á árinu 2015 skal þess í stað vera 70% af fasteignamati þeirra 30. desember 2014 og 30% af fasteignamati 31. desember 2014. Á árinu 2016 skal stofn til álagningar fasteignaskatts sömu eigna vera 30% af fasteignamati þeirra 30. desember 2015 og 70% af fasteignamati 31. desember 2015.]¹⁾

¹⁾ L. 135/2014, 2. gr.

■ [XVIII.]

- Prátt fyrir ákvæði 9. gr. skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögum á árinu 2017 sérstakt framlag að fjárhæð 650 millj. kr. sem skiptast skal hlutfallslega milli þeirra í samræmi við hlutdeild þeirra í álögðu heildarútsvari á árinu 2016.

- Ráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um fyrirkomulag greiðslna og uppgjör á hinu sérstaka framlagi samkvæmt þessu ákvæði að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.]²⁾

¹⁾ Rg. 570/2017. ²⁾ L. 43/2017, 1. gr.